

Skipulagsstofnun,
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 06. mars 2017
2016100002/42-8
OKN, KHS, TB
jgo/tb

Vindorkugarður Þykkvabæ, frekari umsögn

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 27. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ódagsett svar Biokraft við umsögn stofnunarinnar, dags. 14. október 2016, um tillögu að matsáætlun fyrir Vindorkugarð-Vindaborg í Rangárþingi ytra.

Náttúrufræðistofnun telur að ekkert komi fram í svari Biokraft sem hrekur fyrri niðurstöður og ábendingar stofnunarinnar. Það er að (1) vöktun sem farið hefur fram við þær vindmyllur sem þegar hafa verið reistar er ómarktæk, (2) talningar sem á að gera til að meta þéttleika varpfugla eru ótrúverðugar sökum lítils úrtaks, og (3) fyrirhugaðar mælingar á umferð fugla og áflugshættu eru ófullnægjandi.

Fullyrðingar Biokraft um að Náttúrufræðistofnun sé að gera lítið úr bændum í tengslum við mat á áflugi við núverandi vindmyllur eru ekki svaraverðar. Ábyrgð slíkra rannsókna er á hendi framkvæmdaaðila, þ.e. skipulag og umfang, en hvorutveggja er í engu samræmi við þær kröfur sem gera verður til slíkra rannsókna.

Óumdeilt er að vindorkugarðurinn við Þykkvabæ er staðsettur í þjóðbraut fyrir farfugla. Þar fara um ár hvert mjög líklega tugþúsundir fugla vor og haust. Í ljósi þess að mikið af fugli dvelur á svæðinu á öðrum árstímum þarf að gera mun umfangsmeiri rannsóknir, meta notkun fugla, en þær sem framkvæmdar voru á vegum Landsvirkjunar við Búrfell (Aðalsteinn Örn Snæþórsson o.fl. 2015. Fuglar og vindmyllur í Búrfellslundi. Náttúrustofa Norðausturlands). Biokraft ber því við að með slíkum mælingum fái ekki upplýsingar um fjölda fugla í hverjum hóp sem fer um svæðið og því sé mikil óvissa í túlkun gagna um áflugshættu. Að sjálfsögðu fást ekki upplýsingar um stærð hvers og eins hóps. Hins vegar fáum við ferla sem lýsa ferðum hópanna og flughæð, eins fjölda hópa sem fara um og síðan úrtak úr þessu þar sem tegundir og fjöldi í hóp er greindur. Þetta er besta leiðin sem við höfum til að geta sett mælistiku á umferðina og áflugshættu. Í ljósi þess að fuglar dvelja langdvölum í Þykkvabæ en fara þar ekki fyrst og fremst um eins og við Búrfell þarf að auki að framkvæma umfangsmiklar og reglulega talningar á fuglum á jörðu niðri árið um kring.



Biokraft kemst að þeirri niðurstöðu í svari sínu að „áflug er aðeins hægt að meta og mæla eftir að fyrirhugaðar 13 vindmyllur hafa verið gangsettar“! Þetta er mjög sérkennileg afstaða í mati á umhverfisáhrifum og vonandi um að ræða mistök af hálfu framkvæmdaraðila því ef þessi afstaða væri yfirfærð á aðra þætti eða aðrar framkvæmdir þá væri mat á umhverfisáhrifum tilgangslaust.

Náttúrufræðistofnun vill vekja athygli á því að áhyggjur stofnunarinnar snúa ekki aðeins að tegundum á Válista sem nýta svæðið, svo sem grágæs og blesgæs (*Anser albifrons flavirostris*) sem er á Viðauka 1 hjá Evrópusambandinu yfir tegundir í útrýmingarhættu. Heldur snúast áhyggjur stofnunarinnar almennt um þann mikla fjölda fugla sem nýta svæðið og möguleg neikvæð áhrif þess farartálma, vindmylla, sem á að leggja í leið þeirra. Gæsir (grágæs, heiðagæs og blesgæs) og álfir eru mjög áberandi fuglar og vera þeirra á svæðinu sáemilega þekkt en miklu minna er vitað um umferð annarra algengra fugla um Þykkvabæ. Á fartíma fara um Suðurland samtals hundruð þúsunda einstaklinga tegunda s.s. heiðlóu, spóa, hrossagauks, jaðrakans, skógarþrastar og þúfutittlings. Hvaða hluti þessa straums fer um Þykkvabæ er óvíst. Það væri fullkomið ábyrgðarleysi að ráðast í framkvæmdir líkt og Biokraft boðar án marktæks mats á mögulegum áhrifum þeirra á fugla.

Í svari Biokraft til Fuglaverndar segir: „Rannsókn með ratsjá er mun kostnaðarsamari en hefðbundin fuglatalning, bara sú rannsókn kostar meira en gert er ráð fyrir að allur kostnaður við umhverfismat verkefnisins verði. Við teljum að rannsókn með ratsjá skili lítilli viðbótarþekkingu á fuglalífi í Þykkvabænum.“ Þegar áform um vindmyllur í Þykkvabæ komu fyrst inn á borð Náttúrufræðistofnunar sumarið 2013 benti stofnunin á mikilvægi þessa svæðis fyrir fugla og nauðsyn þess að kortleggja það ítarlega ef ætlunin væri að fara í svona framkvæmdir. Öllum hlutaðeigandi mátti því vera ljóst að slíkar rannsóknir gætu orðið kostnaðarsamar miðað við staðsetningu og hugsanlega áhrif og er e.t.v. ekki við öðru að búast þegar haft er í huga að vindmylluver í Þykkvabæ yrði ein af 10-15 stærstu virkjunum landsins með tilheyrandi heildarkostnaði. Að mati Náttúrufræðistofnunar á ekki að nota áætlanir framkvæmdaraðila til að veða og meta hvort framkvæma eigi ákveðnar rannsóknir í mati á umhverfisáhrifum heldur á það að ráðast af náttúrufari og hugsanlegum áhrifum framkvæmda.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

